

## AUGLÝSING

### um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystum hörpuðiski fyrir framleiðslutímabilið 1. júní sl. til 30. september 1985.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystum hörpuðiski fyrir framleiðslutímabilið 1. júní s. l. til 30. september 1985.

Laus- og blokkfrystur hörpuðiskur	U.S. \$ pr. lb. cif
Færri en 60 st. í lb. ....	3,23
Fleiri en 60 st. í lb. og óflokkað ....	2,99
Hálfhreinsaður ....	1,47
Rauður og brotinn ....	1,81

Verðbil verði 5%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðist við 62,5% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádragu verðbili.

Verðin miðist við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

*Sjávarútvegsráðuneytið. 9. júlí 1985.*

F. h. r.

**Árni Kolbeinsson.**

*Kristín Magnússon.*

## REGLUGERÐ

### um takmörkun leigubifreiða í Reykjavík.

#### I. KAFLI

#### Almenn ákvæði.

##### 1. gr.

Reglugerð þessi tekur til félagssvæðis Bifreiðastjórufélagsins Frami.

##### 2. gr.

Ráðherra skipar umsjónarnefnd leigubifreiða.

Nefndin annast f. h. ráðuneytisins umsjón og eftirlit með framkvæmd reglugerðar og úthlutun atvinnuleyfa. Einnig eftirlit með þjónustu leigubifreiðastöðva. Ef þörf krefur, getur nefndin sett reglur því til tryggingar, að ekki sé skortur á leigubifreiðum vissa daga eða vissa hluta sólarhrings.

Nefndin skal ákveða fjölda leigubifreiða á svæðinu með hliðsjón af því að þjónusta við almenning sé ávallt sem best.

Nefndin skal skipuð fimm mönnum og jafnmörgum til vara. Skipunartími nefndarinnar er fjögur ár nema fulltrúi launþega sem er 2 ár. Einn fulltrúi skal tilnefndur af stjórn Bifreiðastjórufélagsins Frami, einn fulltrúi launþega, einn tilnefndur af borgarstjórnunum í Reykjavík og einn sameiginlega af bæjarstjórnunum annarra bæjarfélaga, sem félagssvæði Frami nær til. Ráðherra skipar formann og varaformann án tilnefningar.

Fulltrúi launþega skal kjörinn á fundi sem boðað er til á öllum leigubifreiðastöðvum á félagssvæðinu með minnst viku fyrirvara. Rétt á fundarsetu eiga allir þeir launþegar sem eru í starfi og starfað hafa að leigubifreiðaaakstri sem launþegar í a. m. k. fjóra síðustu mánuði fyrir fund.

## 3. gr.

Leiguakstur samkvæmt reglugerð þessari telst það þegar fólksbifreið er seld á leigu ásamt ökumanni fyrir tilskilið gjald, enda sé ekki um að ræða annað en venjulegan flutning fólks og farangurs, sem ekki krefst sérhæfðs útbúnaðar eða kunnáttu.

## 4. gr.

Enginn bifreiðastjóri má reka leigubifreið, allt að 8 farþega, til mannflutninga, nema hann hafi afgreiðslu á félagssvæði Frama, og hafi öðlast atvinnuleyfi sem leigubifreiðastjóri á svæðinu. Skyld er leyfishafa að hafa ljósaskilti á þaki bifreiðar sinnar sem skal loga þegar ökumaður óskar viðskipta. Skiltið skal lýsa með gulu ljósi án þess að blikka og skal standa „TAXI“ á því með minnst 50 mm stöfum. Lýsti flöturinn skal vera minnst 185 cm<sup>2</sup>.

Öðrum en leyfishöfum er óheimilt að nota slík skilti.

## 5. gr.

Leigubifreiðastjórar, sem ekki hafa afgreiðslu á félagssvæði Frama hafa ekki atvinnuréttindi á framangreindu svæði nema eftir kvaðningu fyrirfram.

## II. KAFLI

## Úthlutun atvinnuleyfa.

## 6. gr.

Bifreiðastjóri sem óskar eftir að fá atvinnuleyfi sem leigubifreiðastjóri á félagssvæði Frama skal sækja um það á þar til gerðum eyðublöðum til umsjónarnefndar leigubifreiða í byrjun október ár hvert.

Úthlutun atvinnuleyfa skal að jafnaði fara fram fyrir 1. desember ár hvert.

Umsókninni skal fylgja:

- a. vottorð frá bifreiðastöð á félagssvæði Frama um að umsækjandi geti fengið þar afgreiðslu, fái hann úthlutað atvinnuleyfi,
- b. hegningarvottorð,
- c. staðfest vottorð skattstofu um launalið viðeigandi skattframtala til sönnunar á starfstíma.

## 7. gr.

Atvinnuleyfi skulu gefin út af umsjónarnefnd leigubifreiða.

Atvinnuleyfin skulu tölusett og bundin við nafn leyfishafa. Leyfin skulu afhent og vera í vörslu Bifreiðastjóraráfélagsins Frama, sem tilkynnir útgáfu til hlutaðeigandi bifreiðastöðvar.

Engum má úthluta nema einu atvinnuleyfi.

Umsjónarnefnd leigubifreiða er heimilt að afturkalla atvinnuleyfi um stundarsakir brjótí leyfishafi af sér, eða fyrir fullt og allt, ef um alvarleg eða ítrekuð brot er að ræða. Slíkum úrskurðum má áfrýja til samgönguráðuneytisins.

## 8. gr.

Óheimilt er að veita bifreiðastjóra atvinnuleyfi nema hann skuldbindi sig til að stunda akstur eigin leigubifreiðar sem fullt starf og sækji um upptöku í Bifreiðastjóraráfélagið Frama.

Atvinnuleyfi fellur úr gildi hafi leyfishafi ekki nýtt sér það innan 6 mánaða frá útgáfudegi þess.

Óski forseti Íslands eða ráðherra að ráða leyfishafa sem einkabílstjóra á meðan þeir gegna embætti, halda þeir bílstjórar óskertum rétti sínum þótt þeir stundi ekki akstur leigubifreiðar sem aðalstarf.

9. gr.

Við úthlutun atvinnuleyfa skal starfsaldur bifreiðastjóra við akstur allt að 8 farþega leigubifreið jafnan lagður til grundvallar, þannig að sá sem lengstan starfsaldur hefur, gengur fyrir, nema sérstakar ástæður mæli því í gegn. Annars vegar má taka sérstakt tillit til samfellds starfstíma undanfarin ár til hagsbóta fyrir umsækjanda og hins vegar skal algjör fjarvera úr starfi í langan tíma rýra áunninn starfstíma. Umsjónarnefnd er þó heimilt að vika frá meginreglu greinar þessarar í sérstökum undantekningartilvikum. Meðal annars hvað varðar öryrkja, ef akstur leigubifreiða hentar þeim umfram önnur störf, með tilliti til fötlunar.

10. gr.

Umsjónarnefnd getur, að höfðu samráði við hagsmunafélög öryrkja og fatlaðra og Frama, úthlutað atvinnuleyfum til reksturs á sérbúnum bifreiðum til flutnings á hreyfi-hömluðum. Nefndin setur reglur um hvaða skilyrði gilda um slík leyfi.

### III. KAFLI

#### Nýting leyfis.

11. gr.

Leyfishafa er heimilt að hafa bifreið sína hjá hverri þeirri bifreiðastöð á félagssvæði Frama sem hann getur fengið afgreiðslu hjá, enda sé bifreiðastöðin viðurkennd af borgarstjórn Reykjavíkur.

Óheimilt er bifreiðastöð að taka bifreið í afgreiðslu fyrr en tilkynning um útgáfu atvinnuleyfis eða flutning milli stöðva hefur borist frá Bifreiðastjórafélaginu Frama.

Nú vill leyfishafi flytja sig á aðra bifreiðastöð og skal hann þá afhenda Bifreiðastjórafélaginu Frama yfirlýsingu frá þeirri stöð sem hann hyggst flytja á, um að hann geti fengið þar afgreiðslu. Sé leyfishafi skuldlaus við bifreiðastöð þá sem hann flytur frá, skal Bifreiðastjórafélagið Frami staðfesta flutninginn þegar í stað.

12. gr.

Nú hættir leyfishafi að reka leigubifreið samkvæmt atvinnuleyfi sínu og segir atvinnuleyfinu upp. Skal hann þá skrá yfirlýsingu þar að lútandi á atvinnuleyfi sitt. Skal leyfishafi tilkynna þetta til bifreiðastöðvar þeirrar sem hann hafði afgreiðslu hjá.

Bifreiðastjórar sem hafa haft atvinnuleyfi í 3 ár eða lengur og segja upp leyfi sínu, hafa forgangsrétt til þess á næstu tveimur árum, enda hafi leyfið legið inni minnst 4 mánuði, og þeir skuldlausir við viðkomandi bifreiðastöð og Bifreiðastjórafélagið Frama. Forgangsréttinn geta leyfishafar nýtt sér tvisvar sinnum á þennan hátt. Þeir leyfishafar, sem ekki segja upp leyfinu sjálfir, hafa ekki forgangsrétt.

Leyfishafa er óheimilt að láta atvinnuleyfi sitt af hendi á nokkurn hátt til annarra, þar með talið að selja það, leigja eða lána o. s. frv. Geti leyfishafi ekki rekið bifreið samkvæmt leyfi sínu ber honum að segja því strax upp.

Ef öllum skilyrðum fyrir afnotarétt leyfisins er ekki fullnægt, er umsjónarnefnd heimilt að afturkalla það.

13. gr.

Ef leyfishafi rekur bifreið sem hann á ekki sjálfur hefur hann fyrirtengt atvinnuleyfi sínu. Þó er honum heimil slík útgerð um takmarkaðan tíma ef hans eigin bifreið er í viðgerð eða hann er að bíða eftir afhendingu annarrar bifreiðar, þó ekki lengur en í 6 mánuði.

## 14. gr.

Leyfishafa, sem missir tilskilin réttindi til aksturs allt að 8 farþega leigubifreið til mannflutninga gegn gjaldtöku, er heimilt að láta annan mann annast störf sín meðan réttindamissir varir, en þó ekki lengur en eitt ár í hverju tilvik. Noti hann sér ekki þessa heimild leggst leyfi hans inn meðan á réttindamissinum stendur og fær leyfishafi atvinnuleyfi aftur jafnskjótt og hann öðlast ökuréttindi sín að nýju.

Brjóti leyfishafi eitthvað það af sér að dómi bifreiðastöðvarstjóra, að beri að synja honum um afgreiðslu um stundarsakir, er viðkomandi bifreiðastöðvarstjóra heimilt að synja um afgreiðslu í allt að 5 sólarhringa í fyrsta skipti, en allt að því 10 sólarhringa í annað skipti. Skulu slíkar synjanir og tilefni þeirra skráðar hjá viðkomandi bifreiðastöð og tilkynntar umsjónarnefnd jafnóðum.

## 15. gr.

Leyfishafa er óheimilt að láta annan mann en þann sem hefur atvinnuleyfi aka fyrir sig. Vaktaskipti bifreiðastjóra á leigubifreiðum eru einnig óheimil, nema báðir hafi atvinnuleyfi.

Undanþágu skal veita að uppfylltum eftirgreindum skilyrðum:

- a. Ef leyfishafi er veikur, enda sanni hann veikindi sín með vottorði læknis, þar sem fram kemur skilgreining á sjúkdómi hans.
- b. Ef leyfishafi deyr, getur maki hans haldið atvinnuleyfinu í 3 ár frá andláti hans. Umsjónarnefnd leigubifreiða getur framlengt slíkt leyfi í allt að 2 ár til viðbótar, ef sérstaklega stendur á. Tilkynna skal niðurfellingu slíks leyfis með 6 mánaða fyrirvara.
- c. Þurfi leyfishafi á endurhæfingu að halda að undangengnum veikindum skal honum sjálfum heimilt að aka aðeins sem svarar 6 klst. á sólarhring en hafa ökumann sem heimilt er að aka á tímabilinu frá kl. 20:00 á föstudagskvöldi til kl. 08:00 á sunnudagsmorgni hverja helgi. Leyfishafa er heimilt að aka sunnudaga til föstudags og velja um aksturstímanna 08:00—14:00 og 14:00—20:00.
- d. Samskonar undanþágu og gildir við endurhæfingu skal veita ellilífeyrisþega eða manni með skerta starfsorku, enda leggi hann fram vottorð læknis um verulega skerta starfsorku.
- e. Skipta má orlofi í fernt. Undanþágu þessa skal einungis veita ef leyfishafi er að fara í orlof og er honum óheimilt að ráða sig í önnur störf eða aka í atvinnuskyni meðan undanþágan varir.
- f. Ef leyfishafi er sannanlega að vinna í þágu Bifreiðastjóraráfélagsins Frami eða bifreiðastöðva þeirra sem reglugerð þessi nær til.
- g. Ef leyfishafar geta ekki sinnt eftirspurn á mesta annatíma má á tímabilinu 1. nóvember til 1. apríl heimila þeim að hafa ökumann sem einum er heimilt að aka bifreið leyfishafa, telji stjórn Bifreiðastjóraráfélagsins Frami nauðsyn til þess og setur hún nánari reglur um undanþágu. Ef þessi heimild nægir ekki og sérstaklega stendur á, er heimilt að leyfa vaktaskipti á tímabilinu, telji stjórn Bifreiðastjóraráfélagsins Frami það nauðsynlegt. Þess skal vandlega gætt, að ekki séu leyfð fleiri vaktaskipti en nauðsyn ber til.
- h. Leyfishafar sem hafa s. k. útgerðarleyfi geta látið bifreiðastjóra aka fyrir sig án þess að þeir hafi atvinnuleyfi.
- i. Leyfishafi sem hefur leyfi til að hafa launþega á bifreið sinni, hefur heimild til að leggja launþega til aðra bifreið, meðan hans eigin bifreið er til viðgerðar vegna bilunar, enda geri viðkomandi bifreiðastöð ekki athugasemd við bifreiðina.

Þeir leyfishafar sem vilja notfæra sér þær undanþágur sem í þessari grein felast, skulu sækja um það á þar til gerðum eyðublöðum til Bifreiðastjóraráfélagsins Frami, undirrituðu af stöðvarstjóra viðkomandi bifreiðastöðvar um að hún samþykki þann ökumann sem leyfishafi vill að aki bifreiðinni. Leyfishafi ber fulla ábyrgð á því að undanþágan sé ekki misnotuð, enda varðar misnotkun missi atvinnuleyfisins um stundarsakir, eða fyrir fullt og allt, sé um ítrekuð brot að ræða.

Bifreiðastjórafélagið Frami veitir undanþáguna eftir að hafa gengið úr skugga um að fullnægt sé framangreindum skilyrðum. Skal leyfið vera skriflegt, tímabundið og tekið fram hvað í því felst. Er viðkomandi bifreiðastjóra skylt að bera slíka undanþágu á sér við akstur og sýna trúnaðarmönnum Frama og umsjónarnefnd, ef þeir óska þess. Ekki má veita undanþágu til atvinnuleyfis sem umsjónarnefnd hefur stöðvað.

## 16. gr.

Atvinnuleyfin gilda þar til leyfishafar verða 75 ára og skulu þeir leggja leyfi sín inn fyrir 1. júlí næsta ár. Umsjónarnefnd skal í samráði við Frama og viðkomandi bifreiðastöðvar, koma á reglubundinni læknisskoðun og hæfnispröfun fyrir leigubifreiðastjóra. Þeir sem ekki uppfylla þau skilyrði, sem umsjónarnefnd leigubifreiða setur, missa réttindi til atvinnuaksturs.

## 17. gr.

Bifreiðastjórafélagið Frami skal halda skrá yfir veittar undanþágur í aðgengilegu formi, sem umsjónarnefnd skal eiga aðgang að.

## 18. gr.

Umsjónarnefnd sker úr deilumálum í sambandi við reglugerð þessa. Úrskurðum þeirra má vísa til samgönguráðuneytisins.

## 19. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar nr. 36, 9. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Gildistaka ákvæðis 2. gr. um merki frestast um 6 mánuði. Gildistaka ákvæða 16. gr. hvað varðar aldursmörk, frestast um 3 ár frá útgáfu reglugerðar þessarar. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð 320, 7. maí 1983 með síðari breytingum nr. 244, 1984.

*Samgönguráðuneytið, 2. júlí 1985.*

**Matthías Bjarnason.**

*Halldór S. Kristjánsson.*

## REIKNINGUR

### Gjafasjóðs Landspítala.

#### Rekstrarreikningur fyrir árið 1984.

##### Gjöld:

Ýmis kostnaður, prentun o.fl. ....	kr.	85 650,00
Styrkveitingar 1984 .....	—	2 616 000,00
Tekjur til ráðstöfunar 1986 skv. 5. gr. ....	—	750 000,00
Tekjur lagðar v/höfuðstól .....	—	1 046 548,14

Samtals kr. 4 498 198,14